

manni Guðlaugi Guðmundssyni, greiðist 10 kr. í málsvarnarlaun af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marzmán.

Nr. 47/1887: Vicekonsúll Jakob V. Havsteen

gegn

Stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfjelags.

Dómur:

Áfrýjandi máls þessa, vicekonsúll J. V. Havsteen, fjekk vorið 1884 fyrir sína eigin hönd og meðeigenda sinna að hákarlaskipinu „Úlf“ ábyrgð á nefndu skipi hjá hinu eyfirzka ábyrgðarfjelagi. Skipið var virt á 11544 kr., og tók fjelagið ábyrgð á $\frac{3}{4}$ hlutum virðingarverðs þess, eða 8658 krónum samkvæmt 13. gr. fjelagslaganna, með því að skipið var talið fyrsta flokks skip. Samsumars eða haustið á eptir fórst nefnt skip gjörsamlega á sjó, og gjörði áfrýjandi þá kröfu til ábyrgðarupphæðarinnar hjá fjelaginu fyrir hönd allra skipseigendanna, en fjelagsstjórnin greiddi honum í þessu skyni að eins 8039 kr. 91 aur.; með því að hún áleit, að skipseigendur sjálfir ættu að bera 618 kr. 09 aur. af skaða þeim, er fjelagið hafði tekið ábyrgð á. Áfrýjandi lögsótti þá fjelagsstjórnina fyrir sína eigin hönd og hinna annara eigenda skipsins, til þess að fá hana dæmda til, að greiða nýnefnda upphæð 618 kr. 09 aura úr sjóði fjelagsins, en með aukarjettardómi Akureyrar-kaupstaðar, uppkveðnum 13. júlímán. f. ár, var fje-

lagsstjórnin dæmd sýkn í málinu og málskostnaður látinn falla niður. — Dómi þessum hefur vicekonsúll J. V. Havsteen fyrir sína hönd og meðeigenda sinna að skipinu „Úlf“ áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 2. sept. f. ár., og krafizt þess, að dómurinn verði úr gildi felldur, að stjórn ábyrgðarfjelagsins verði fyrir hönd tjeðs fjelags dæmd til þess að greiða áfrýjanda 618 kr. 09 aur., sem eptirstöðvar skaðabóta fyrir hákarlaskipið „Úlf“, með 6% vöxtum frá dagsetningu sáttakærunnar, og enn fremur allan málskostnað bæði fyrir undirrjetti og yfirdómi með 300 kr. eða einhverri nægilegri upphæð eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn hefur stjórn ábyrgðarfjelagsins krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi skaðlaust eða með einhverri nægilegri upphæð.

Þegar stjórn ábyrgðarfjelagsins neitaði að greiða eigendum „Úlfs“ framan-nefndar 618 kr. 09 aur., lögðu þeir spurninguna undir úrskurð aðalfundar í fjelaginu samkvæmt fyrir-mælunum í 24. grein fjelagslaganna, og ályktaði fundurinn hinn 24. marz 1885, að „sú tilhögun á reikningsfærslu fjelagsins, að því er snertir innstæðu-eign í fjelaginu og hluttöku í skaðabótum, sem hingað til hefur verið höfð, sje samkvæm fjelagslög-unum og skuli henni vera fylgt framvegis“. Báðir málsaðilar hafa skilið þennan úrskurð aðalfundar á þá leið, að með honum sje samþykkt og staðfest neitun fjelagsstjórnarinnar um frekari skaðabótageiðslu fyrir „Úlf“, en þegar var búið að inna af hendi, og heldur fjelagsstjórnin því jafnframt fram, að með þessum úrskurði sje ágreiningsefninu ráðið til endilegra

lykta, er hlutadeigendur allir verði að sætta sig við, án þess þeir eigi kost á, að leita úrlausnar dómstólanna um deilu-málið, og hefur hjeraðsdómarinn fallizt á þessa skoðun hinna stefndu á málinu, og þegar af þeirri ástæðu sýknað fjelagsstjórnina. Yfirdómurinn getur þó ekki samþykkt þennan skilning á fjelagslögunum. Síðari liður 24. greinar fjelagslaganna, sem talin er heimild fyrir svofelldri úrlausn ágreiningsmálsins, kveður svo á, að ef ágreiningur verði millum embættismanna fjelagsins og annara fjelagsmanna, skuli „því (honum) skjóta til aðalfundar og skera úr með atkvæðafjölda“. Í þessari grein fjelagslaganna er hvorki beinlinis nje óbeinlinis svo ákveðið, að úrskurður aðalfundar skuli vera *endileg* málalok í ágreiningsmálum millum stjórnarinnar og einstakra fjelagsmanna, en slík skýlaus og ótvíræð ákvörðun væri nauðsynleg til þess, að fjelagsmönnum yrði neitað um hinn almenna rjett borgaranna, að bera undir úrlausn dómstóla landsins samskonar ágreiningsmál og það er, sem hjer er lagt undir dóm. — Þá verður eigi heldur álitid, að áfrýjandinn hafi með því, að leggja málefnið undir úrskurð aðalfundar, *af-salað* sjer rjettinum til þess síðar að leita úrlausnar dómstólanna, ef úrskurður aðalfundar gæfi honum til-efni til þess; það var hin lögfyrrskipaða meðferð málsins, að bera það fyrst upp fyrir stjórn fjelagsins og síðan undir aðalfund þess.

Úr því að þannig eigi verður fallizt á það, að málefni þessu hafi verið ráðið til endilegra lykta, er áfrýjandi verði að sætta sig við, á ábyrgðarfjelagsfundinum hinn 24. mars 1885, kemur til álita hin önnur sýknarástæða hins stefnda, er hann orð-

ar svo, að sú niðurjöfnun skaðabótanna, er stjórnin hafi gjört þetta umtalaða ábyrgðarar, (þá er „Úlfur“ týndist), sje fyllilega heimil, samkvæm fjelagslögunum, fastri venju og skýringum ýmsra aðalfunda á viðeigandi lagafyrirmælum, og að áfrýjandinn fyrir því eigi ekkert tilkall til hinnar umþrættu fjárupphæðar. Hinn stefndi, stjórn fjelagsins, vill sem sje skilja fjelagslögin á þá leið (sjá sjerstaklega 1., 17., 19. og 22. gr. laganna), að fjelagssjóðurinn sje tvenns konar, eða jafnvel að hann sje í raun og veru 2 sjóðir, skaðabótasjóður eða árstekjusjóður fjelagsins, er myndist af inngöngu-aurum fjelagsmanna samkvæmt 2. og 3. gr. laganna og ábyrgðargjöldunum fyrir hvert einstakt vertíðarar (ábyrgðarar), og eignarsjóður fjelagsmanna, er sje afgangurinn af árlegum ábyrgðargjöldum þeirra fram yfir hvers árs útgjöld til kostnaðar og skaðabóta. Þessi síðarnefndi sjóður sje eigi eign fjelagsins, heldur hvers einstaks fjelagsmanns, og verði honum því eigi varið til skaðabótageiðslu. Til skaðabótageiðslu fyrir skip-tjón, er fjelaginu sje skylt að bæta, skuli fyrst og fremst varið sjóði þeim, sem myndast hafi af inngöngu-aurunum, og þar næst ábyrgðargjöldum fjelagsmanna það ár, er skip-tjónið ber að höndum; en nægi eigi þetta til greiðslu skaðabótanna, skuli jafna því, sem á vantar, á fjelagsmenn eptir þeirri tiltölu, sem hver þeirra á mikið eða lítið í ábyrgð fjelagsins, og án tillits til þess, hve mikið *fjelagsmenn* kunni að eiga í sjóði af ábyrgðargjöldum undir umsjón fjelagsstjórnarinnar. — Þegar nú hákarlaskipið „Úlfur“ fórst sumarið eða haustið 1884, hafi fjárhag fjelagsins verið svo háttað, að þess árs inngöngu-aurar og ábyrgðargjöld eigi hafi

nægt til greiðslu skaðabóta þeirra, er fjelagið átti að greiða nefnt ár. Fyrir því hafi því, sem á vanti til þessa, verið jafnað á fjelagsmenn eptir því hlutfalli, hve mikið þeir áttu í ábyrgð fjelagsins, og taldist þá svo til, að við þessa niðurfjöfnun kom á eigendur „Úlfs“ 618 kr. 09 aur. En áminnt tviskipting á tekjum fjelagsins í sameiginlegan fjelagsjóð og sjerstakan eignarsjóð fjelagsmanna er eigi heimiluð í fjelagslögunum, enda eigi í þeim bent til hennar með einu orði, og virðist hún eingöngu sköpuð með reikningsstærslu-aðferð fjelagsstjórnarinnar, sem því að eins hefur þýðingu fyrir úrlausn þessa máls, að hún sje samkvæm lögum fjelagsins. Enda hefur áfrýjandinn heimtað sjer ofanritaða upphæð til-dæmda af þeim fjelagssjóði, sem fjelagsstjórnin kallar eign fjelagsmanna í sínum vörzlum, og sem var 26,566 kr. 68 aur. hinn 1. nóvbr. 1883.

Í 2. gr. fjelagslaganna er kveðið svo á, að fjelagið hafi fastan sjóð til skaðabóta, er hver skipseigandi í fjelaginu gjaldi í *sjerstaklega* hið fyrsta ár $2\frac{1}{2}\%$ af ábyrgðarverði skipseignar hans. 3. grein mælir svo fyrir, að þeir sem gangi síðar í fjelagið gjaldi *eins og hinir fyrstu, auk hins árlega ábyrgðargjalds*, $2\frac{1}{2}\%$ sem inngöngueyri. 14. grein segir, að ábyrgðarkaupið sje árlega $4\frac{1}{2}\%$ og á vissum tímum $1\frac{1}{2}\%$ sem viðbótarábyrgð. Í 17. grein er svo fyrirmælt, að það, sem bjargað verður af brotnu fjelagsskipi, sje eign fjelagsins í rjettri tiltölu við þann hluta, sem fjelagið hefur ábyrgzt í skipinu. Þetta eru tekjur fjelagsins, og það eru þær, sem mynda þann sjóð, sem um getur í 2. grein laganna (sjá að framan), og í 19. gr., þar sem segir svo, að ef eigi hrökkur sjóður fjelags-

ins til að bæta áfallinn skaða eitthvert ár, skuli jafnað því, sem á vantar, niður á fjelagsmenn í rjettri til- tölu við það, er þeir eiga í ábyrgð. Það verður eigi sjeð, að orðið „sjóður“ eða „fjelagssjóður“ hafi í nokk- urri grein laganna aðra þýðingu en þá, sem hjer er bent á, nje heldur að lögin gjöri ráð fyrir nokkrum öðrum sjóði en þessum í vörzlum fjelagsstjórnarinn- ar sem slíkrar. Sjerstaklega nefnir 22. grein ein- mitt þennan sjóð fjelagssjóð, og er eigi unnt að sjá, að það sje annar sjóður en sá, sem um getur í 2. og 19. grein. Nú er 19. grein að eins nánari útskýr- ing eða útfærsla á hinni almennu grundvallarsetn- ingu í síðari málslið 1. greinar, og verður því að skilja þessa grein með þeim viðauka, sem 19. gr. setur, enda virðist eigi þar með vera raskað í neinu meginregl- unni í 1. gr. laganna. Reglan fyrir skaðabótagreiðsl- unni verður þá þessi, að meðan fjelagið á sjóð, greið- ast skaðabætur af honum, en sje hann þrotinn, er þeim jafnað til greiðslu á fjelagsmenn. Þar sem það nú eigi er sannað í málinu, að þessi sjóður fjelags- ins hafi verið þrotinn haustið 1884, og að því hafi verið heimild til niðurjöfnunar á fjelagsmenn eptir 19. gr., sbr. 1. gr., fjelagslaganna, ber að dæma hina stefndu, stjórn ábyrgðarfjelagsins, til að greiða áfrýj- andanum hinar umþrættu 618 kr. 09 aura. Vextir af upphæðinni verða ekki tildæmdir áfrýjanda, með því að þeirra er eigi getið í áfrýjunarstefnunni, og málskostnaður fyrir báðum dómum virðist eptir at- vikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hin stefnda stjórn hins eyfirzka ábyrgðarfje-

lags á að greiða áfrýjandanum J. V. Havsteen 618 kr. 09 auru. Málskostnaður fyrir undir-
rjetti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna
frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 9. aprílmán.

Nr. 6/1888:

Rjettvísín
gegn
Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Reykjavíkurkaupstaðar, gengnum 4. dag febrúarmán. þ. á., var hinn ákærði, Jón snikkari Jónsson, dæmdur fyrir þjófnað og tilraun til að drýgja þjófnað til að sæta betrunarhússvinnu í 15 mánuði, til að greiða iðgjöld Eiríki Jóhannssyni — í undirrjettardóminum er hann nefndur Jóhannesson — 2 kr., og Matthías Matthíassyni 1 kr., svo og til að greiða allan af sökinni og gæzlu varðhaldi sínu leiðandi kostnað.

Þessum dómi hefur að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Jóns Jónssonar, er styðst við aðrar þær skýrslur, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann á síðastliðnu hausti og í byrjun vetrar 1887 hefur stolið þeim munum, er nú skulu greindir:

1. 22 bordum 6 álna löngum — voru 18 þeirra hefluð, en 4 óhefluð — úr læstu húsi timbur-sala Christjansens hjer í bænum, er enginn bjó